

Miðvikudaginn 20. maí 1981.

Nr. 119/1980. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Þórarni Einarssyni

(Brynjólfur Kjartansson hrl.).

Manndráp. Brot gegn 106. gr. almennra hegningarlaga.
Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Máli þessu er áfrýjað af ákærvaldsins hálfu samkvæmt 1. tl. 175. gr. laga nr. 74/1974. Krefst ríkissaksóknari þyngingar á refsingu ákærða.

Verjandi krefst sýknu af kröfu ákærvalds um, að atferli ákærða verði fært til 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hins vegar verði háttsemi hans talin varða við 218., 215. og 106. gr. þeirra laga. Þá krefst hann málsvarnarlauna hér fyrir dómi.

I.

Með bréfi ríkissaksóknara 8. ágúst 1980 var málið sent Læknaráði og æskt umsagnar þess um, hvort það féllist á niðurstöður álitsgerðar Karls Strand geðlæknis frá 19. nóvember 1978 um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða. Í ályktun Læknaráðs 16. desember 1980 segir svo: „Læknaráð fellst á þá niðurstöðu Karls Strand yfirlæknis, að ákærði sé ekki haldinn neinum þeim geðsjúkdómi, sem mæli á móti sakhæfi“. Verður ályktunin lögð til grundvallar um sakhæfi ákærða.

II.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdóms, að eigi sé sannað, að ákærði hafi tekið fyrirfram ákvörðun um að svipta stúlk-

una A lífi hinn 5. september 1978. Það atferli ákærða að bregða snæri um háls stúlkunnar og herða að, svo sem lýst er í héraðsdómi, var stórháskalegt, og gat ákærða ekki dulist, að langlíklegast var, að af því hlyti hún líftjón. Varðar atferli þetta ákærða refsingu samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um brot ákærða á 106. gr. sömu laga.

Fallist er á, að heita beri ákvæðum 9. tl. 74. gr. og 75. gr. almennra hegningarlaga við refsíákvörðun. Þá ber að taka tillit til ungs aldurs ákærða, er hann framdi brot sitt. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 8 ár, en gæsluvarðhaldsvist hans óslitið frá 6. september 1978 komi refsingu til frádráttar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Staðfesta ber ákvörðun héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 5.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Þórarinn Einarsson, sæti 8 ára fangelsi, en gæsluvarðhaldsvist ákærða óslitið frá 6. september 1978 komi refsivist hans til frádráttar. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 5.000.00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Brynjólfs Kjartanssonar hæstaréttarlögmanns, 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Ármanns Snævarr og
Loga Einarssonar.**

Við erum sammála atkvæði meiri hluta dómara nema um ákvörðun refsingar, sem við teljum hæfilega ákveðna í héraðsdómi.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. júlí 1979.

Ár 1979, fimmtudaginn 5. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af sakadómurunum Ármanni Kristinssyni, Jóni A. Ólafssyni og Sverri Einarssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 455/1979: Ákærvaldið gegn Þórarni Einarssyni, sem tekið var til dóms 29. f. m.

Mál þetta er höfðað með tveim ákærum ríkissaksóknara á hendur Þórarni Einarssyni verkamanni, Gyðufelli 12, Reykjavík, fæddum 28. janúar 1959 í Keflavík.

Með ákæru, dagsettri 4. desember sl., er höfðað mál á hendur ákærða „fyrir að hafa, að morgni þriðjudagsins 5. september 1978, svipt A, fyrrverandi unnustu sína, til heimilis að Yrsufelli 1, Reykjavík, lífi í herbergi, sem ákærði hafði til umráða í verbúð á Flateyri, „Regnboganum“, með því að bregða um háls hennar snæri og kyrkja hana.

Framanlýst atferli ákærða telst varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Þá er málið einnig höfðað gegn ákærða með ákæru, dagsettri 30. mars sl., „fyrir brot gegn valdstjórninni með því að hafa, mánudaginn 12. mars 1979, kl. 10.20, er ákærði sat í gæsluvarðhaldi í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg í Reykjavík, ráðist þar á gangi hússins á yfirfangavörðinn, Skúla Ævar Steinsson, og slegið hann þungt hnefahögg á höfuðið aftan við vinstra eyra, þannig að Skúli Ævar hlaut af heilahristing, og hafa síðan hótað honum misþyrmingum, allt vegna þess að ákærði taldi sig vanhaldinn í lyfjum af völdum Skúla Ævars.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málsatvik eru svofellð:

I.

Þriðjudaginn 5. september sl., klukkan 1105, hringdi hreppstjórinn á Flateyri til lögreglunnar á Ísafirði og skýrði frá því, að hjá honum væri piltur, sem segðist hafa orðið unnustu sinni að bana og óskaði eftir að verða færður á næstu lögreglustöð.

Fulltrúi bæjarfógetans á Ísafirði fór þegar ásamt tveim lög-

reglumönnum til heimilis hreppstjóra, og hittu þeir þar fyrir ákærða í máli þessu. Í skýrslu yfirlögregluþjónsins segir, að hann hafi virst vera mjög miður sín. Þegar hann var spurður, hvað gerst hefði, svaraði hann: „Þetta átti ekki að fara svona“, en frekar var ekki rætt við hann að sinni. Ákærði var færður í fangahúsið á Ísafirði.

Löggæslumenn héldu síðan á stað þann, þar sem atburðurinn átti sér stað, Regnbogann við Hafnarstræti 15 á Flateyri. Þar hittu þeir fyrir héraðslækni og hjúkrunarkonu, sem voru yfir látinni konu, er klædd var nærbuxum og brjósthaldara einum fata. Trollgarnsspotti var utan um háls hennar og svört rák eftir hann fyrir ofan barkakýli.

Vettvangur var ekki kannaður nákvæmlega, en húsinu lokað og óskað eftir liðsinni rannsóknarlögreglu ríkisins. Komu tveir rannsóknarlögreglumenn vestur sama dag og hófu rannsókn málsins.

Samkvæmt vettvangsrannsókn, myndum og uppdráttum er húsið Regnboginn múrhúðað timburhús á tveim hæðum í sambyggingu. Á efri hæð eru sjö íbúðarherbergi, og var búið í þeim öllum, en húsið, sem er í eign frystihússins Hjálms h/f, var notað sem verbúð.

Ákærði hafði herbergi beint á móti uppgangi. Hurðarlæsing var biluð, en hurðinni lokað með hengilás og hespu að utanverðu. Til hægri innan við dyrnar var dýna, og á henni lá hin látna. Á hálsi hennar var dökk rönd, sem grynntist beggja vegna aftur með hálsinum og náði ekki saman að aftan. Um hálsinn lá tvöfalt nylontrollgarn, þrípætt, um 4 metra langt, óhnýtt.

Á gólfinu móts við þann enda dýnunnar, sem fjær var dyrunum, voru tvær sængur og koddí. Undir sængunum og að nokkru undir brún dýnunnar lá flökunarhnífur. Rétt hjá hnífnum voru tveir litlir blettir í gólfteppinu, sem skornir voru úr til frekari rannsóknar.

Til vinstri innan við dyrnar á herbergi ákærða stóð skápur með skúffum. Í neðstu skúffunni, sem dregin var út til háls, var meðal annars dúkahnífur og þrír fiskverkunarhnífar. Á gólfinu innan við skápinn lá dós undan bökuðum baunum.

Svo sem áður er nefnt, var búið í öllum hinum herbergjunum á efri hæð hússins. Höfðu íbúarnir, átta talsins, verið heima umrætt kvöld og nótt, en yfirleitt farið til vinnu frá klukkan 0930—1000. Rannsóknarlögreglumenn ræddu við íbúana, en frásagnir þeirra varpa ekki ljósi á atvik máls þessa. Rétt er þó að reifa

framburði þeirra, sem bjuggu í vistarverum, sem lágu að herbergi ákærða.

Fay Drummond frá Nýja-Sjálandi bjó ásamt eiginmanni sínum í herbergi við hlið ákærða. Hún kvaðst hafa komið heim um klukkan 2115, ákærði bankað á dyrnar rétt um það leyti og beðið hana að skila því til manns síns, hvort hann vildi vekja sig til vinnu næsta morgun. Þau hefðu ekki rétt neitt annað og ákærði verið eðlilegur að sjá. Eftir þetta heyrði hún tónlist frá herbergi ákærða og mannamál, þar sem karlmaður og kvenmaður ræddust við á eðlilegan máta og án rifrildis. Næsta morgun fór hún til vinnu rétt fyrir klukkan 0700 og bankaði þá á hurðina hjá ákærða. Karlmannsrödd svaraði „Yes“, og heyrðist henni, að sá, er svaraði, væri að vakna. Á milli klukkan 0945 og 1000 drakk hún morgunkaffi á herberginu ásamt manni sínum og pólskri stúlku og hefði þá ekkert heyrst frá herbergi ákærða.

Stuart Drummond frá Nýja-Sjálandi kvaðst hafa komið heim úr vinnu klukkan um 2240 á mánudagskvöldið og eiginkona hans þá sagt honum, að ákærði hefði komið og beðið um, að hann vekti sig, áður en hann færi næsta morgun. Því hefði hann þó gleymt og farið laust fyrir klukkan 0700 án þess að vekja ákærða.

Klukkan um 2320 á mánudagskvöldið kvaðst Stuart Drummond hafa heyrt nokkur högg frá herbergi ákærða, eins og bankað væri í þilið á milli herbergjanna. Þetta hefðu ekki verið föst högg og ekki vakið sérstaka athygli hans, þar sem slíkur hávaði væri algengur í húsinu.

Stuart Drummond kvaðst hafa verið heima í kaffi á milli klukkan 0945 og 1000 þriðjudagsmorguninn og þá ekkert heyrt frá herbergi ákærða.

Hanne Hansen frá Noregi, sem bjó í hinu herberginu við hlið ákærða, var þar mánudagskvöldið, fór að sofa á milli klukkan 2300 og 2400, vaknaði klukkan 0900 þriðjudagsmorguninn og var í herberginu þar til klukkan rétt um 1000, er hún fór út á skúrþak á bak við húsið í sólbað, en fór inn í herbergið aftur um klukkan 1100. Hún kvaðst ekkert hafa heyrt úr herbergi ákærða og engan séð koma þaðan eða fara.

Vitnið Guðmundur Jónsson hreppstjóri, Grundarstíg 8, Flatøyri, kvað dóttur sína hafa hringt til þess, þar sem það var við vinnu, að morgni þriðjudagsins 5. september sl. og sagt, að á heimili þeirra væri maður, sem nauðsynlega þyrfti að hafa tal af því. Vitnið hélt þegar heimleiðis og var komið þangað klukkan

1105. Þar hafi ákærði verið, óskað eftir að ræða við vitnið einselega og beiðst þess að verða fluttur á lögreglustöðina. Þegar vitnið spurði hann um ástæðuna, kvaðst ákærði hafa myrt unnustu sína, hún væri örugglega látin í herbergi hans í Regnboganum og þyrfti ekki að kalla á lækni. Vitnið kvaddi þegar til lækni sem og lögregluna á Ísafirði. Sjálfst kvaðst það hafa dvalið hjá ákærða, þar til lögregla kom og tók hann í sínar vörslur. Hann hafi virst miður sín, hendur hans skolfið og hann verið óstyrkur í máli. Þeir ræddu málið ekkert frekar, á meðan beiðið var komu lögreglu.

Vitnið Kristján Hálfðánarson, Drafnargötu 13, Flateyri, kvað boð hafa komið frá hreppstjóranum á milli klukkan 1100 og 1130 nefndan þriðjudag þess efnis, að einhver ráðamaður fyrirtækisins Hjálms h/f færi í Regnbogann með lækni með sér, þar sem þar hefði orðið slys. Hjóp vitnið yfir á sjúkraskýlið og fór síðan ásamt læknum að Regnboganum. Ekki urðu þeir mannaferða varir í húsinu og fengu engin svör, þótt kallað væri. Rétt í sömu mund hefði þó komið maður með skilaboð um, að þeir færu til hreppstjórans og sæktu þangað lykil. Hreppstjórinn hefði látið þá fá lykil og sagt þeim að fara í eina herbergi Regnbogans, sem læst væri. Á efri hæð gegnt stigauppgangi fundu þeir herbergi, sem læst var með hengilás. Á gólfi herbergisins var rúmfatalúga. Læknirinn lyfti rúmfötunum, og kom þá í ljós, að undir þeim var stúlka, sem vitninu virtist látin. Hún lá á grúfu í hnipri fyrir framan dýnu, sem á gólfinu var. Vitnið tók eftir því, að hún var nokkuð blá í andliti, og snærispotti var utan um háls hennar, sem vitninu virtist þó ekki hertur að honum. Að ósk læknisins hjálpuðust þeir að því að setja stúlkuna upp á dýnuna. Síðan hvarf vitnið af staðnum til að útvega bifreið og sjúkrabörur til þess að flytja líkið til Ísafjarðar.

Vitnið Þröstur Finnbogason læknir, Hamrahlíð 27 hér í borg, kvaðst hafa komið að læstu herbergi ákærða ásamt vitninu Kristjáni Hálfðánarsyni og þeir farið inn í það klukkan um 1110—1115. Tók vitnið fyrst eftir rúmfötum, sem lágu í hrúgu á gólfinu við rúmbrik, en út undan þeim sá í bera fætur.

Vitnið fjarlægði tvær sængur, og kom þá í ljós líkami af ungri konu, sem hvíldi á grúfu, og sneri andlitið beint niður. Hún lá endilöng, þannig að höfuð og herðar voru uppi á rúmkantinum, en líkaminn að öðru leyti á gólfinu, skáhallt út frá rúminu. Undir líkamanum var hálf samanvöðlað lak, sem náði frá höfði niður að miðjum lærum. Þunnt snæri var vafið í tvo hringi utan um háls-

inn, en vitnið tók ekki eftir neinum hnút eða lykkju á því. Undir snærinu var djúp rák í húðina, sem náði hringinn í kringum hálsinn.

Vitnið kvaðst hafa lagt konuna á bakið í rúmið, en fljótlega séð, að hún var látin. Líkstirðnun var ekki merkjanleg, en líkblettir að byrja að myndast á hægra læri og mjöðm að framan- og utanverðu. Vitnið taldi, að konan hefði verið látin í um hálfa til eina klukkustund.

Vitnið Sigrún Gerða Gísladóttir hjúrunarkona, Sólbakka, Öndarfirði, kvað boð hafa komið frá læknum laust eftir klukk- an 1100 nefndan þriðjudag þess efnis, að vitnið kæmi með körfu út í verbúðina Regnbogann. Þar hefði látin kona verið á annarri hæð hússins. Vitnið kvað djúp för hafa verið á hálsi konunnar, snæri legið undan honum hægra megin, yfir hann og út af vinstri öxl. Vitnið gat ekki borið um, hvort snærið hefði verið dregið í gegn um lykkju, en það hefði ekkert hert að hálsinum. Vitnið staðhæfði, að ekkert hefði verið hreyft við líkinu eða öðru í herberginu, eftir að það kom þangað, en læk'nirinn sagði því, að hann hefði áður fært líkið af gólfinu upp á dýnuna og lagt það þar á bakið.

Vitnið Ragnar Vignir, aðstoðaryfirlögregluþjónn og forstöðumaður tæknideildar rannsóknarlögreglu ríkisins, Giljalandi 4, Reykjavík, kom í herbergi ákærða í Regnboganum síðdegis hinn 5. september sl.

Vitnið kvað húsgögn ekki hafa verið færð um koll eða önnur ummerki beinlínis bent til átaka, nema þá helst að rúmföt voru í óreiðu.

Tveir flatningshnífar lágu efst í opinni skúffu í herberginu, og sá þriðji var undir sængufötum, alveg við rúmdýnu. Var leitað fingrafara á þeim hníf, en enginn fundust. Einnig var blað hans rannsakað, blóðsvörun kom ekki fram, en blettir voru á því, sem bent gætu til þess, að hann hefði verið notaður til að opna með baunadós, sem þarna lá upp skórin.

Ekkert blóð var sjáanlegt á vettvangi. Tveir blettir, sem voru í teppinu, voru skornir úr því, en þeir gáfu ekki blóðsvörun.

Vitnið kvað tvöfalt snæri hafa legið um háls stúlkunnar og greinileg rák verið eftir það, dýpst fremst, en síðan smágrynnt.

Húsakynni hefðu verið þannig, að vitnið taldi, að köll hefðu heyrst um húsið, enda veggir þunnir og lítið einangraðir.

Vitnið Ásdís Ámundadóttir sendill, Hörpugötu 12 hér í borg,

kvaðst hafa komið til Hnífsdals hinn 22. ágúst sl. og þá kynnst sambýliskonu sinni og vinnufélaga, A.

Næstu helgi hefði komið í heimsókn til hennar piltur, sem vitnið vissi ekki frekari deili á, og þau farið eitthvað á brott frá Hnífsdal. Á eftir hefði A haft við orð, að þau hefðu verið að „fiflast saman“.

Vitnið kvað A hafa sagt, að hún hefði verið trúlofuð strák, sem hétí Tóti, og forðað sér úr Reykjavík og þarna vestur til að losna við hann. Hefði hann lagt á hana hendur og bæri hún ör í andliti af hans völdum. Óttaðist hún, að hann kæmi á eftir henni vestur, en orðaði þó ekki beinlínis, að henni stæði stuggur af honum.

Vitnið skýrði frá því, að þær Sigrún Jóhanna Jónsdóttir, Þuríður Ingólfssdóttir, B og A, sem störfuðu allar við frystihúsið í Hnífsdal, hefðu að morgni mánudagsins 4. september sl. haldið til Ísafjarðar, enda hugðust þær hætta í vinnunni, og var ákærði í för með þeim. Ætlan þeirra stallsystra var að fara með flugvél til Reykjavíkur, en vélin reyndist fullsetin. Á Ísafirði hefðu þær skilist við ákærða og haldið aftur til Hnífsdals, en áður hefði flaska af áfengi verið keypt. Þær B og A neyttu einkum vínsins bæði á Hnífsdal sem og á veitingastaðnum Mánakaffi á Ísafirði, eftir að þær komu aftur þangað.

Á Mánakaffi slóst ákærði, sem var algáður, í hópinn. Hann bað A um að koma með sér til Flateyrar, en vitnið mundi ekki, hverju hún svaraði. Ákærði hóf að ræða um einhverja stelpu, sem hefði skorið sig á púls, og taldi hana kjarkaða. Í framhaldi af því hefði hann sagt, að fremdi hann sjálfsmorð, tæki hann A með. Þau fóru síðan að kíta, og var A hrópandi og með drykkju-læti. Bað ákærði hana að hætta, þar sem hann blygðaðist sín fyrir hana, en hún sagði honum oftast en einu sinni að þegja. Vitninu fannst sem þetta væri meira í góðu og tók það sem einhverja „stæla“. Þegar þau voru að fara út af Mánakaffi, hefði ákærði beðið A um að tala við sig einslega, en hún svarað því neitandi.

Að sögn vitnisins héldu þau síðan öll á lögreglustöðina, og ók lögreglan þeim að gatnamótunum til Flateyrar. Þar hefðu þær A og B sagst ætla með ákærða út á Flateyri og talað um að vera eitthvað lengur, en koma síðan suður með flugvél. Lögreglan hefði pantað fyrir þau leigubifreið, en þær hinar haldið í átt til Súðavíkur.

Vitninu virtist ekki, að ríkt hefði neitt sérstakt ósamlyndi milli

þeirra ákærða og A. Samskipti þeirra hefðu verið eðlileg, nema hvað vitninu fannst A sýna ákærða nokkurn ruddaskap.

Vitnið Sigrún Jóhanna Jónsdóttir, starfsstúlka á Kópavogshæli, til heimilis að Miðvangi 2, Hafnarfirði, kvaðst hafa komið til vinnu við frystihúsið í Hnífsdal hinn 23. ágúst sl. og þá fyrst kynnst A.

Vitnið gat ekkert borið um ferðir hennar helgina 26.—27. ágúst, og það þekkti ekki til vitnisins Guðmundar Björns Haraldssonar á Flateyri, sbr. síðar.

Vitnið kvað A hafa sagt því, að hún hefði verið trúlofuð strák, sem hún kallaði Tóta. Þau hefðu lent í mikilli óreglu og hann oft lagt á hana hendur. Þess vegna hefði hún sagt honum upp og væri öllu lokið á milli þeirra. Einnig hefði hún haft við orð, að hún væri mjög háð áfengi.

Að öðru leyti var framburður vitnisins mjög áþekkur vætti vitnisins Ásdísar, sem rakið er hér að framan. Vitnið mundi ekki til þess, að nokkuð óvenjulegt hefði verið við samskipti þeirra ákærða og A.

Vitnið Þuríður Ingólfsdóttir atvinnulaus, Seljavegi 3 A hér í borg, kvaðst hafa kynnst A vestur á Hnífsdal, en þangað hefði vitnið komið til fiskvinnu hinn 22. ágúst sl.

Vitnið staðhæfði, að helgina 26.—27. ágúst, sennilega á laugardeginum, hefði einhver piltur frá Flateyri komið í heimsókn til þeirra A og B og þær farið eitthvað á brott með honum. Sú síðarnefnda hefði sagt vitninu, að hún og pilturinn hefðu lent í slagsmálum. Vitnið gat ekkert borið um orsakir þeirra eða nokkuð frekar um kynni pilsins og þeirra.

Vitnið kvað A hafa sagt því, að hún hefði verið trúlofuð strák, sem hétu Tóti. Hún hefði sagt honum upp, enda hefði hann margsinnis lagt á hana hendur. Sýndi hún vitninu ör á enni og fyrir neðan nef, sem hún sagði vera af hans völdum. Einnig hafði hún við orð, að fáir vissu, að hún væri þar vestra, en kvaðst þó óttast, að þessi Tóti mundi hafa uppi á henni og koma. Ekki gat hún þess þó, að hún væri hrædd við þennan Tóta, en vildi einasta fá frið fyrir honum.

Að öðru leyti var framburður vitnisins á sömu lund og vætti vitnanna Ásdísar og Sigrúnar Jóhönnu. Varð vitnið ekki vart við, að skipti þeirra ákærða og A væru á nokkurn hátt öðruvísi en gera mátti ráð fyrir.

Vitnið Guðmundur Björn Haraldsson verkamaður, Grundarstíg 1, Flateyri, kvaðst hafa kynnst A nokkru eftir áramótin 1977—

1978. Hefði hún þá komið vestur á Flateyri ásamt vinkonu sinni D og þær starfað við frystihús Hjálms h/f um tveggja mánaðaskeið. Á þessu tímabili „vorum við A saman sem kallað er“, svo sem orðrétt er bókað eftir vitninu. Eftir að þær fóru suður, hafði vitnið nokkrum sinnum símasamband við A, og einnig hringdi hún til þess. Vitnið kvaðst hafa skroppið til Reykjavíkur í maí-mánuði árið 1978, hitt A og þau farið saman á veitingastaðinn Klúbbinn. Þar vék ákærði sér að vitninu, þreif í það og spurði, hvað það væri að „þvælast með dömumni sinni“. A gekk strax á milli og sagði ákærða, að vitnið væri aðeins kunningi sinn. Vitnið hvarf á brott.

Síðar komu þær A og B vestur. Dvöldu þær hjá vitninu í um vikutíma, en þá fóru þau þrjú á bifreið vitnisins til Reykjavíkur. Þar var vitnið í eina viku, umgekkst þær stöllur og fór á dansleiki með þeim. Eftir þetta flugu þau þrjú vestur, stúlkurnar fóru til Hnífsdals í vinnu, en vitnið hvarf heim til sín.

Næstu helgi dvaldi vitnið hjá þeim stúlkunum á Hnífsdal, en helgina á eftir komu þær í heimsókn til þess.

Að kvöldi laugardagsins 2. september kvaðst vitnið hafa hitt ákærða á dansleik á Flateyri, en mundi ekki, hvað þeim fór á milli. Næsta dag kom ákærði á heimili vitnisins með áfengisflösku, og settust þeir að drykkju. Færði vitnið í tal við ákærða, að þeir skryppu til Hnífsdals, og tók ákærði strax vel í það. Þeir fóru til þeirra A og B. Báðir voru þeir talsvert ölvaðir, er þangað kom. Vitnið mundi ekki að greina frá viðræðum ákærða og A, en því heyrðist á henni, að hann væri enginn aufúsugestur. Hún ræddi einslega við vitnið og atyrkti það fyrir að koma með ákærða. Hafði hún við orð, að ekki væri annað fyrir hana að gera en fara suður, fyrst hann væri kominn vestur. Vitnið hvarf á brott, en þrátt fyrir tilmæli þeirra hinna fór ákærði hvergi.

Næsta kvöld, klukkan um 1930, komu þau síðan heim til vitnisins. Voru stúlkurnar talsvert undir áhrifum áfengis, en þeir karlmennirnir algáðir. Þau ákærði og A ræddu eitthvað saman einslega. Ekki man vitnið þær orðræður, en þó mátti heyra, að þau voru að þrátta. Vitnið kvað B hafa sagt því, að ákærði hefði þvingað A til samræðis við sig, en ekki ræddi vitnið það við þau hin. Þá sagði A vitninu, að hún hygðist dvelja í herberginu hjá ákærða, þar til hann hefði unnið sér inn fé til að greiða flugfarhennar suður. Vitninu virtist það „skrýtið, að hún vildi ekkert með hann hafa, en ætlaði samt að búa hjá honum“. Ekki ræddi vitnið þetta frekar við hana, þar sem það vildi láta þeim eftir að

útkljá sín mál. Vitnið sagði, að A hefði verið „eitthvað spennt“ og skyndilega hefði hún farið „út í fússi“ með ákærða um klukkan 2130. Þau B hefðu bæði verið undrandi, þar sem þeim hefði verið ókunnugt um, að henni hefði mislíkað nokkuð við þau. Vitnið sá síðast til þeirra, þar sem þau gengu í átt að Regnboganum. B og vitnið hefðu litlu síðar gengið fram hjá húsinu, en ekki séð herbergisglugga ákærða. Var B þá á leið til Ísafjarðar.

Vitnið staðhæfði, að það hefði aldrei heyrt hótanir fara á milli þeirra ákærða og A. Hún hefði hins vegar sagt vitninu, að á ýmsu hefði gengið á meðan þau voru trúlofuð, hann beitt hana ofbeldi og lagt á hana hendur. Sunnudag þann, sem þeir ákærði drukku saman, hefði hann sýnt vitninu ör á handlegg sér, sem væri eftir hnífstungu, sem A hefði veitt honum.

Vitnið skýrði frá því, að það hefði beðið A að taka upp sambúð með sér. Hefði vitnið fyrst nefnt þetta við hana í vikunni, áður en þau fóru vestur, hún ekkert ákveðið svar gefið, en sagst ætla að sjá til. Í þessu sambandi hefði vitnið sótt um íbúð hjá hreppnum, en ekki fengið fullnaðarsvar. Þegar þeir ákærði fóru vestur á Hnífsdal, hefðu þessi mál borist í tal að nýju. A hefði þá sagt, að hún vildi, að þau færu að búa saman. Var hún algáð, og taldi vitnið, að hugur fylgdi máli.

Vitnið B verkakona . . . , Reykjavík, kvaðst hafa þekkt ákærða og A frá því er þau fóru að vera saman, enda kynnt þau. Sambúð þeirra hefði verið slitrótt og stormasöm, þau oftsinnis hafið trúlofun sína, en síðan gengið hvort á eftir öðru. Vitnið taldi missætti þeirra vera nokkuð beggja sök.

Vitnið kvað ákærða og A iðulega að því ásjáandi hafa tekist á og grýtt hlutum hvort í annað. Eitt sinn hefði það séð A taka hníf og beina að ákærða, en honum tekist að ná hnífnum af henni. Þá fullyrti vitnið, að A hefði sagt því, að ákærði hefði lagt hendur á móður hennar eitt sinn, er þau deildu og hún hugðist ganga á milli.

Vitnið staðhæfði, að ákærði hefði að minnsta kosti tvívegis haft orð á því, að færi A frá honum til annars karlmanns, þá mundi hann drepa hana og síðan sjálfan sig.

Vitnið skýrði frá því, að A hefði einhverju sinni vorið 1978 farið að segja ákærða frá pilti í Vestmannaeyjum, sem hún hefði haft samfarir við. Ákærði hefði orðið reiður og lamið hana, en hún þá sagt, að þetta væri lygi. Hins vegar vissi vitnið, að slíkt hafði átt sér stað. Á eftir sagði A því, að hún hefði einasta verið að særa ákærða og vita, hvort hann mundi berja hana. Allt að

einu taldi vitnið, að þeim ákærða og A hafi þótt mjög vænt hvoru um annað.

Vitnið staðhæfði, að A hefði haft samfarir við marga karlmenn á þeim tíma, sem þau ákærði þekktust, það enda oft verið viðstatt, þegar þær áttu sér stað. Hins vegar vissi vitnið ekki til þess, að hún hefði átt mök við tvo svertingja og Filippseyjarmann.

Þá skýrði vitnið frá því, að þær stöllur, sem voru systkinabörn, hefðu á þessum tíma nokkrum sinnum selt sig karlmönnum og eitt skiptið sama manningnum. Þetta hefðu þær gert bæði vegna spenningsins og eins hefði þær skort peninga. Ákærði var þó ósínkur á fé við A, og taldi vitnið, að hann hefði látið hana hafa eins mikið og hann gat, þegar þau voru saman.

Vitnið staðfesti þá frásögn ákærða, að A hefði eitt sinn ætlast til, að þau ákærði ættu mök saman sem og að þau þrjú færu í svonefndan „þríhyrning“.

Vitnið kannaðist við, að það hefði í eitt skipti átt kynmök við A í húsi nokkru við Stóragerði og verið nærstatt, þegar þær D höfðu sömu tilburði í frammi.

Vitnið kvað þær A hafa komið sér saman um að leyna ákærða mökum þeirra við aðra karlmenn sem og afskiptum þeirra hvor af annarri. Sagðist vitnið aldrei hafa rætt málefni þessi við ákærða.

Vitnið taldi, að ákærði hefði verið andvígur því, að þær A væru mikið saman, þar sem þær neyttu þá áfengis í óhófi og lifðu að öðru leyti suksömu lífi.

Vitnið kvað A hafa sagt því síðastliðið sumar, að hún vildi algerlega slíta sambandi þeirra ákærða, þar sem hún væri orðin hrædd við hann.

Vitnið skýrði frá því, að þær A hefðu farið vestur á Flateyri, búið heima hjá Guðmundi Birni Haraldssyni og þau A sofið saman þann tíma. Þetta hefði verið um verslunarmannahelgina, þær stöllur verið ölvaðar og unnið einhver hervirki á íbúðinni.

Vitnið kvað A hafa sagt því, að Guðmundur Björn væri hrifinn af henni og hann vildi að þau tækju upp sambúð. Lét A þau orð falla, að hún væri að hugsa það mál betur.

Vitnið taldi, að ákærði hefði vitað um samband þeirra Guðmundar Björns og A. Byggði vitnið þetta á því, að ákærði hefði farið vestur á Flateyri í því skyni að jafna um við Guðmund Björn. Ekki vissi vitnið, hvenær sú för hefði verið farin, og ekki gat það frekar um efni þessi borið.

Vitnið kvað þær A hafa farið vestur á Hnífsdal um miðjan

ágústmánuð. Þær sögðu foreldrum sínum, að þær væru á förum vestur, en ætlan þeirra var, að aðrir fréttu það ekki, og alls ekki ákærði, sem þá var í vinnu á Keflavíkurflugvelli.

Vitnið taldi, að næstu helgi, eftir að þær komu vestur, hefðu þær farið til Flateyrar að heimsækja Guðmund Björn. Ekki minntist vitnið þess, að það hefði sagt Þuríði Ingólfssdóttur, að þau Guðmundur Björn hefðu lent í handalögmálum, enda ekkert slíkt átt sér stað.

Vitnið kvað þá ákærða og Guðmund Björn hafa komið drukkna í verbúðina á Hnífsdal sunnudaginn 3. september sl.

Vitnið heyrði ákærða biðja A þess, að þau reyndu enn einu sinni að verða vinir og taka saman aftur, en hún sagðist ekki vilja sjá hann. Síðan hefðu þau rifist eitthvað, en vitnið mundi ekki að greina þær orðræður nánar.

Vitnið staðhæfði, að nokkru eftir að ákærði kom, hefði hann viljað ræða við vitnið einslega og farið að rugla um, að kæmi A ekki með honum til Kanaríeyja næstu jól, fengi hann sér leigumorðingja og fæli honum að bíta ákærða sjálfan niður í stykki. Vitnið leit á ummæli þessi sem ölvunarrugl.

Ákærði vildi ekki fara með Guðmundi Birni um kvöldið og lagði sig í rúmið hjá A, en þær stöllur sváfu í sama herbergi. Vitnið heyrði, að ákærði vildi láta vel að henni. Hún stimpaðist á móti, en að lokum höfðu þau þó samfarir. Eftir þær virtist fara vel á með þeim.

Morguninn eftir komu þær Ásdís, Sigrún Jóhanna og Þuríður í herbergi þeirra A. Kváðnust þær vera hættar vinnu og ætla suður til Reykjavíkur. Þær A brugðu þá á það ráð að fara að dæmi þeirra, og héldu þær allar ásamt ákærða til Ísafjarðar.

Þegar þangað kom, stungu þær ákærða af, keyptu sér áfengi, fóru aftur til Hnífsdals og tóku að neyta þess þar. Komust þær A undir áhrif þess. Síðan fóru þær aftur til Ísafjarðar og rákust á ákærða þar, en ætlan þeirra hafði verið að forðast hann og fara „á puttanum“ til Reykjavíkur.

Vitnið minntist þess, að þau hefðu komið á veitingastaðinn Mánakaffi, A hefði verið „í stuði“, en ekki gat það rakið orðaskipti, sem þar fóru fram.

Vitnið kvað lögregluna á Ísafirði hafa ekið þeim út fyrir bæinn. Á leiðinni hefðu þær A guggnað á því að fara til Reykjavíkur. Spurðu þær ákærða, hvort hann vildi greiða fyrir þær flugfar til Reykjavíkur. Játti hann því. Varð að samkomulagi, að þær

gistu hjá honum í verbúðinni á Flateyri, þar til hann hefði unnið fyrir fargjaldinu.

Þau þrjú héldu þessu næst með leigubifreið heim til Guðmundar Björns að Grundarstíg 1 á Flateyri, og galt vitnið 7 eða 8 þúsund fyrir aksturinn. Taldi það klukkuna þá hafa verið um 1900—1930 og þau hefðu dvalið þar í röska hálfra klukkustund. Neyttu þær stúlkurnar einhvers víns, en þeir ákærði og Guðmundur Björn voru algáðir. Mjög vel hefði legið á A. Ákærði og hún hefðu horfið inn í annað herbergi um stund og eitthvað verið að kíta, en vitnið heyrði ekki, hvað þeim fór á milli. Vitnið sagði Guðmundi Birni frá samförum þeirra A og ákærða kvöldið áður. Vitnið kvað A hafa beðið það að koma með þeim ákærða í verbúðina, þar sem hann bjó. Sagði vitnið henni þá, að það hefði ákveðið að fara til Ísafjarðar um kvöldið og fljúga til Reykjavíkur næsta morgun. Ekki mundi vitnið, hvort A reiddist því af þessum sökum. Vel hefði þó virst fara á með þeim ákærða, þegar þau gengu út frá Guðmundi Birni, og hún verið syngjandi.

Þau Guðmundur Björn fóru síðan út klukkan um 2100—2130. Gengu þau fram hjá Regnboganum. Fullyrti vitnið, að ljós hefði verið tendrað í herbergi ákærða, sem að sögn Guðmundar Björns hefði búið á 2 hæð. Vitnið hélt síðan til Ísafjarðar og næsta morgun til Reykjavíkur.

Vitnið D atvinnulaus, til heimilis að . . . , Reykjavík, kvaðst fyrst hafa kynnst þeim ákærða og A, á meðan þau bjuggu saman í verbúð í Grindavík, að vitnið minnti á árinu 1976, og bjó það í sömu verbúð og þau. Vitnið varð vart við, að þau rifust oft, bæði drukkin og ódrukkin, og til átaka kom. Eftir þetta hefðu þær A á köflum verið mikið saman. Kvaðst vitninu því hafa verið kunnugt um, að samband þeirra ákærða og A hafi alla tíð verið mjög rysjótt. Á stundum hafi þau sýnt hvort öðru ástúð, en þess á milli dregið til ósamlyndis. Bæði hafi þau verið skaprík og gjörn á að láta hendur skipta, og kvaðst vitnið hafa séð ákomur á þeim eftir hvort annað. Þá hafi ákærði hótad A því að drepa hana og hafi það sérstaklega verið til þess að fá hana til að taka upp sambúð við hann að nýju. Vitnið taldi, að orsök illindanna hafi verið nokkuð beggja sök og A oft átt upptökin að þeim.

Vitnið fullyrti, að á þeim tíma, sem þau ákærði og A hafi ekki verið samvistum, hafi hún verið með fjölda karlmanna. Þannig hefði vitnið verið með henni um ári áður á Keflavíkurflugvelli og hún þá haft samfarir við svertingja og Filippseying. Einnig sagði

hún vitninu, að hún hefði oftast en einu sinni selt sig fyrir peninga. Vitnið vissi til þess, að hún var í eitt skipti líkamlega með svertingja, á meðan þau ákærði voru í sambúð. Vitnið kvað ákærða margoft hafa innt það eftir því, hvort A ætti mök við aðra karlmenn, en það ætíð tekið fyrir slíkt. Taldi vitnið, að ákærða hafi ekki verið kunnugt um fyrrgreind atvik.

Sjálfst kvaðst vitnið hafa haft kynmök við A í húsi einu við Stóragerði hér í borg, nokkru áður en A fór vestur á Hnífsdal. Voru þær mjög ölvaðar og B og piltur að nafni Hallvarður voru nærstödd. Vitnið taldi, að um eins konar ölæðisverk hefði verið að ræða, að minnsta kosti hefði það ekki borið ástarhug til A.

Vitnið greindi frá því, að þær A hefðu farið til Flateyrar litlu eftir áramótin 1977—1978. Dvöldust þær þar í tvo eða þrjá mánuði. Á Flateyri kynntist A Guðmundi Birni Haraldssyni. Stofnaðist með þeim eitthvert ástarsamband, og vissi vitnið til þess, að þau áttu líkamleg mök saman. Guðmundur Björn vildi trúlofast A. Úr því varð þó ekki.

Vitnið Hallvarður Ólafsson fiskiðnaðarmaður, Skarðsstöðum, Ögurhreppi, Norður-Ísafjarðarsýslu, kvaðst hafa kynnst þeim A, B og D á skemmtistöðum hér í borg, en hins vegar ekkert þekkt ákærða. Nefnd kynni hefðu ekki verið mikil og A hefði aldrei rætt við það um samband sitt við karla eða konur. Vitnið hafði herbergi á leigu í húsi einu við Stóragerði hér í borg. Einhvern tíma síðastliðið haust, nánar gat vitnið ekki tímasett atburðinn, hefðu þær A og B komið í herbergi til þess og átt þar saman kynmök að vitninu ásjáandi. Hið sama hafi og átt sér stað milli þeirra A og D.

Vitnið E afgreiðslustúlka, ... hér í borg, móðir A, kvað dóttur sína hafa kynnst ákærða, er hún var 15 ára að aldri. Hefðu þau í fyrstu virst ánægð saman, en síðan hefði snurða hlaupið á þráðinn, þau ýmist slitið samvisir eða tekið saman aftur. Vissi vitnið hvorki orsakir sundurlyndis þeirra né hvort þeirra hafi frekar leitast eftir sáttum. Þau neyttu bæði áfengis. Vitnið minntist þess ekki, að það hefði nokkru sinni séð ákærða og dóttur þess í átökum, og því var ekki kunnugt um, að hann hefði haft í frammi hótanir við hana. Virtist vitninu þeim þykja vænt um hvort annað, þótt þeim lynti ekki saman. Aldrei hefði ákærði lagt hendur á vitnið.

Vitnið kvað dóttur þess hafa sagt því, áður en hún fór til Hnífsdals, að þau ákærði hefðu endanlega slitið samvistir. Ákærði hringdi, eftir að A fór vestur, og spurði eftir henni. Svaraði vitnið,

að hún væri ekki heima, og það vissi ekki, hvar hún væri, enda hefði hún beðið vitnið þess, að það skýrði ekki frá dvalarstað hennar, væri um hana spurt. Vitnið taldi, að A hefði síður viljað, að ákærði vissi, hvar hún væri, hún hafi ekki beinlínis verið að forðast hann með vesturförinni, en eins og frekar verið að slíta sambandi við hann.

Auður Kristófersdóttir verkakona, Gyðufelli 12 hér í borg, móðir ákærða, og Þórlaug Einarsdóttir afgreiðslustúlka, Fannarfelli 4 hér í borg, systir hans, voru kvaddar fyrir dóminn, en þær höfðu áður gefið skýrslur hjá rannsóknarlögreglu. Með hliðsjón af ákvæðum 89. gr. laga nr. 74/1974 voru ekki teknar af þeim dómskýrslur.

Ákærði kvaðst hafa kynnst A í lok septembermánaðar árið 1975 og þegar tekist með þeim náin kynni. Hann hefði farið til Vestmannaeyja á bát eftir áramótin 1975—1976 og hún komið þangað um hálfum mánuði síðar. Sagði hún honum þá, að flesta daga, á meðan hún var ein í Reykjavík, hefði hún verið við áfengisneyslu sem og haldið fram hjá honum og selt sig 45 ára gömlum manni, sem hún nafngreindi. Af þeim sökum slitnaði sambúð þeirra, og fór hún aftur til Reykjavíkur. Nokkrum dögum síðar kvaðst ákærði hafa farið á eftir henni, sæst við hana og þau að nýju farið til Vestmannaeyja. Fljótlega hafi þó komið til ósamlyndis og ástæðan verið sú, að þau hittu pilt nokkurn á götu, sem bauð þeim til fagnaðar. Ákærði vildi ekki þiggja boðið, en A fór. Þegar hún kom heim aftur, sló ákærði hana hnefahögg í andlit, þannig að hún hlaut skurð á efri vör. Daginn eftir átti ákærði mök við vinstúlku A til þess að hefna sín, og kvaðst hann hafa séð til þess, að hún frétti um atvikið. Varð það til þess, að A kastaði sér í sjóinn, án þess þó að bíða tjón af, og skundaði síðan til Reykjavíkur.

Ákærði kvaðst viku síðar hafa farið heim til A og sæst við hana. Sambúð þeirra gekk nokkuð snurðulaust, þar til skömmu fyrir jólin 1976, að ósætti varð, og átti ákærði þá öðru sinni mök við aðra stúlku.

Þau sættust að nýju fyrir áramótin og opinberuðu trúlofun sína hinn 25. mars 1977. Í júlí kom enn til misklíðar milli þeirra á skemmtistað hér í borg. Staðhæfði ákærði, að A hefði þá látið öflösku vaða í höfuð hans og hent trúlofunarhringnum út í buskann, en sjálfur hefði hann sett sinn í pant hjá einhverjum leigubifreiðarstjóra.

Tveim dögum síðar leitaði A sátta, og nýir trúlofunarhringir

voru keyptir. Ekki stóð þó sú dýrð lengi, því að röskum mánuði síðar urðu þau enn ósátt, A hefði slegið hann með flösku í ennið, svo að fyrir sprakk og talsvert blæddi, en hann þrifið vasa og grýtt í höfuð henni, og hlaut hún einnig skurð á enni. Móðir A hefði verið nærstödd átök þessi, en ákærði neitaði því, að hann hefði lagt hendur á hana. Hins vegar hefði hann slegið niður ljósakrónu, um leið og hann fór út.

Enn tókust sættir, og trúlofunarhringir voru keyptir þriðja sinn. Stóð sú sambúð þeirra fram í desember 1977, er þau deildu um hversdagslega hluti og án þess að áfengi væri með í spilinu. Kvaðst ákærði hafa stungið upp á, að þau slitu samvistir, þar sem hann taldi, að þau gætu ekki verið saman án þess að rífast. Féllst A á þetta, og skildu leiðir í fullri sátt og samlyndi.

Laust fyrir páska kvaðst ákærði hafa verið farinn að sakna A, hringt til hennar, þar sem hún var að vinna á Flateyri, og spurt, hvort þau ættu ekki enn á ný að reyna að taka upp sambúð. A féllst á það, kom til ákærða og vildi, að þau keyptu fjórða settið af trúlofunarhringum, en ákærða þótti þar í of mikið ráðist.

Friður ríkti nú með þeim þar til í lok júnímánaðar árið 1978. Vildi ákærði þá fara á dansleik, en A ekki. Taldi ákærði, að hún hefði haldið, að hann ætlaði að stinga hana af. Varð þetta að misklíðarefni með þeim, sem lauk með því, að ákærði fór á brott, og sá hann A ekki aftur fyrr en á Hnífsdal hinn 3. september sl.

Ákærði staðhæfði, að mjög oft hefði komið fyrir, að A hefði ógnað honum með hnífum og að minnsta kosti þrívégis hefði henni tekist að særa hann með þeim. Bæri hann ör á hægri upp-handlegg af þessum sökum. Átti þetta sér stað, bæði þegar A var drukkin og ódrukkin.

Ákærði kvað A hafa verið býsna kröfuharða í peningamálum og megnið af fé hans farið til þess að fæða hana og klæða, þá er þau voru saman, en sjálfur hefði hann nánast gengið í lörfum.

Ákærði greindi frá því, að eitt sinn, þegar þau A voru að skemmta sér með æskufélaga og kærustu hans, hefðu þau A og þessi æskufélagi horfið inn í annað herbergi og haft þar samfarir, að því er hún sagði honum síðar.

Öðru sinni sagði A ákærða, að þær B hefðu kvöld nokkurt báðar selt sig einum og sama manni.

Þá skýrði ákærði frá því, að eitt sinn, þegar þær A og B voru við drykkju, hefði hin fyrrnefnda farið þess á leit við ákærða, að hann hefði samfarir við þá síðarnefndu. Hann hefði reiðst og neitað því.

Tvívegis hefði það einnig komið fyrir, að B svipti sig öllum klæðum, þar sem ákærði og A hvíldu saman í einni sæng. Sté B upp í rúmið til þeirra, en A rak hana þaðan aftur, enda þótt hún hefði áður stungið upp á því sjálf, að þau færu saman í „þríhyrning eða tríó“.

Ákærði taldi nefnd tilvik dæmigerð um siðferðisvitund þá, sem hjá stúlkum þessum hefði ríkt.

Ákærði kvað réttar frásagnir þeirra D og B, sem verið hefðu bestu vinkonur A, um samskipti hans og A, að öðru leyti en því, að hann taldi framburð hinnar fyrstnefndu um átök þeirra í Grindavík nokkuð orðum aukin, og einnig neitaði hann, að hann hefði nokkru sinni hótad að drepa foreldra A. Ákærði staðfestir, að hann hafi margspurt D, hvort A væri með öðrum karlmönnum, og hún neitað því.

Ákærði kannaðist við, að hann hefði tvívegis hótad að drepa A og síðan sjálfan sig, færi hún frá honum til annars karlmanns. Ekki taldi ákærði, að alvara hefði fylgt ógnunum þessum, þær verið eins konar „ástarjátning“ og A hefði viðhaft svipuð ummæli.

Ákærði kvaðst hafa farið vestur á Flateyri föstudaginn 1. september sl. Tilgangur fararinnar hefði verið sá að reyna enn einu sinni að sættast við A, sem var að vinna á Hnífsdal. Þar hefði hann reynt að fá vinnu sem og á öðrum stað þar vestra og alger tilviljun ráðið því, að hann fór til Flateyrar og fékk þar starf í frystihúsi.

Daginn eftir að ákærði kom vestur var hann að verki með pilti nokkrum, búsettum á Flateyri. Hóf hann að spyrja pilt þennan um fyrri veru A þar á staðnum. Hafði hún oft minnst á það við ákærða, að hún ætti þar á staðnum góðan vin, sem hún kallaði Gunna. Í samtölunum komi fram, að þau A og Guðmundur Björn Haraldsson höfðu verið „saman á föstu“, en Guðmundur Björn og pilturinn voru kunningjar. Einnig sagði hann ákærða, að þær A og B hefðu um næstliðna verslunarmannahelgi búið heima hjá Guðmundi Birni á Flateyri og þá í ölæði brotið þar allt og bramlað.

Að morgni sunnudagsins hefði Guðmundur Björn komið á vinnustað þeirra og þáð vín hjá ákærða. Vissi ákærði þá ekkert, hver þetta var, en nefndur vinnufélagi hans sagði honum deili á Guðmundi Birni.

Af tilviljun hittust þeir Guðmundur Björn aftur í hádeginu. Bauð ákærði honum til drykkju, og fóru þeir í því skyni heim til

Guðmundar Björns. Barst A þá í tal, meðal annars framferði hennar og B um verslunarmannahelgina, en ákærði minntist þess ekki, að ástarsamband þeirra Guðmundar Björns og A væri rætt. Hins vegar kvaðst ákærði hafa skýrt honum frá sambandi þeirra A og sýnt honum ör, sem hann bæri af hennar völdum.

Í framhaldi af verunni heima hjá Guðmundi Birni hefðu þeir farið til Hnífsdals, og mundi ákærði ekki, hvor þeirra átti frumkvæði að því.

Þegar þangað kom, vildi A fá að ræða einslega við Guðmund Björn. Þá er ákærða þótti þau hafa verið nógu lengi á tali saman, kvaðst hann hafa gengið inn í eldhúsið, þar sem A hefði setið á vaskaborðinu og eins og haldið Guðmundi Birni að sér. Kom þá í huga ákærða, að kynni þeirra gætu hafa verið alvarlegri en hann hafði haldið. Mætti vera, að þetta hafi eitthvað setið í honum, þá er til átakanna dró á milli þeirra A í Regnboganum næsta þriðjudagsmorgun. Hins vegar hefði samband Guðmundar Björns og hennar þá ekkert borið á góma og hún ekki nefnt nafn hans á meðal þeirra, sem hún sagðist hafa átt mök við.

Ákærði var að því spurður, hvort hann hefði vitað, að A hygðist skilja við hann að fullu og taka saman við Guðmund Björn. Orðrétt svaraði ákærði: „Ég hafði enga sönnun fyrir því“. Hann kvaðst hafa haft grunsemdir um þetta, þar sem honum hefði einhvern veginn fundist Guðmundur Björn hafa verið A kærkomnari, þegar þeir komu saman til Hnífsdals.

Ákærði staðhæfði, að honum hefði verið alls ókunugt um, að Guðmundur Björn hefði tvívegis beðið A um að giftast sér og hann af því tilefni sótt um íbúð þar vestra.

Um þá fullyrðingu B, að ákærði hefði áður farið til Flateyjar til að jafna um við Guðmund Björn, sagði ákærði, að hann hefði ekki þangað komið, fyrr en hann réðst þar til vinnu 1. september. Hitt mætti vera, að hann hefði sagst ætla þangað til að jafn um við Guðmund Björn, enda ekki trúað því, að samband þeirra A hefði verið eins saklaust og hún vildi vera láta. Frekar kvaðst ákærði ekki um efni þetta geta borið.

Ákærða var kynntur framburður Guðmundar Björns um það, sem gerðist í veitingastaðnum Klúbbnum í maímánuði árið 1978. Hann kvaðst þá ekkert hafa kannast við Guðmund Björn, en A hefði næsta dag skýrt sér frá því, sem þarna átti sér stað, og haldi ákærði, að framburður Guðmundar Björns um atvik þetta væri réttur.

Ákærði kvað A hafa verið reiða yfir því, að hann skyldi vera

að koma til Hnífsdals. Ekki minntist hann þess, að hann hefði þá um kvöldið verið að biðja hana um að taka upp sambúð við hann að nýju. Hins vegar hefði hann strax morguninn eftir reynt að fá hana til slíks, en hún ekki viljað það.

Ekki minntist hann þess heldur, að hann hefði rætt við B um að leigja sér morðingja, svo sem hún segði. Hann hefði verið nokkuð ölvaður, þegar þeir Guðmundur Björn komu til Hnífsdals, og ekki viljað fara með honum aftur til Flateyrar, þó svo að A vildi, að hann færi.

Um nóttina hefði hann fengið að gista í herbergi þeirra stall-systra og þá viljað eiga samfarir við A, hún verið treg til, en þó látið að vilja hans, án þess að hann beitti hana valdi á nokkurn hátt.

Næsta morgun hefðu þær stöllur ásamt þrem öðrum stúlkum ákveðið að hætta störfum og fara suður til Reykjavíkur. Varð ákærði þeim samferða til Ísafjarðar og beið þar, á meðan þær fóru aftur til Hnífsdals til þess að sækja peninga. Þegar þær komu þaðan, voru A og B með áfengi í fótum sínum og farnar að neyta þess.

Ákærði kvað A hafa verið með fíflalæti í veitingastaðnum Mánakaffi, hún talað hátt og verið að stríða honum, en ekki mundi hann orðaskipti. Taldi ákærði, að hún hefði látið svona, af því að hún vissi, að honum væri illa við þvílíka háttsemi. Ákærði kvaðst hafa rætt þarna um stelpu, sem skorið hefði sig á púls, A sagt, að kjark þyrfti til að gera slíkt, eitthvað frekar verið rabbað í því sambandi, sem hann myndi ekki, enda tal þetta meiningar-laust af hans hálfu.

Þar sem flugvélin frá Ísafirði var fullsetin, ákváðu þær stúlkurnar að leggja gangandi af stað og reyna að fá far með bifreiðum. Hugðist ákærði slást í för með þeim, en verða eftir við gatnamótin að Flateyri.

Þegar hér var komið, tóku þær A og B þá ákvörðun að fara með ákærða til Flateyrar og búa hjá honum í verbúðinni, þar til hann hefði unnið sér inn nægilegt fé til að greiða flugfargjöld fyrir þær til Reykjavíkur.

Frá Ísafirði fóru þau þrjú með leigubifreið til Flateyrar og heim til Guðmundar Björns. Þær stúlkurnar voru orðnar nokkuð ölvaðar og neyttu einhvers áfengis þar, en þeir Guðmundur Björn voru algáðir.

Ákærði ræddi einslega við A. Var hann að biðja hana að vera hjá sér eina nótt og þau tækju síðan upp sambúð að nýju. Hún

féllst ekki á það. Þau voru ekki að kíta, en hún var nokkuð hávær, enda ölvuð.

Ákærði kvaðst hafa skotist út í kvöldsölu. Þegar hann kom aftur heim til Guðmundar Björns, hefði A skipt um skoðun. Var hún með einhvern „asa“, hafði á orði, að hún þyldi ekki „þetta pakk“, átti þar við þau B og Guðmund Björn, og sagði ákærða að koma. Skildist ákærða helst, að B hefði viljað fara strax af stað suður og A mislíkað það.

Þau fóru síðan um klukkan 2130 yfir í verbúðina Regnbogann, en B varð eftir hjá Guðmundi Birni. Bað ákærði útlending, sem bjó í herbergi við hliðina, að vekja sig næsta morgun.

Ákærði kvaðst hafa rætt um það við A, að þau tækju upp sambúð að nýju, en hún svarað því til, að hann vissi, að slíkt væri tilgangslaust. Eftir það höfðu þau samfarir og fóru síðan að sofa upp úr miðnætti.

Morguninn eftir, um klukkan 0630, var knúð dyra hjá ákærða, og vöknudu þau A við það. Ákærði taldi, að áfengisáhrifin hefðu þá verið af henni runnin. Fór hann enn að biðja hana að taka upp fyrra samband við sig og þau færu í einhverja verstöð, þar sem þau gætu unnið og búið saman. Hún var treg til og hafði við orð, að sambúð þeirra hefði alltaf og mundi alltaf ganga illa.

Ákærði kvað þau síðan hafa haft samfarir og að þeim loknum hefði A ákveðið að taka upp fyrra samband við hann. Hófu þau þá að ræða um, hvað þau ættu að taka sér fyrir hendur sem og hvað þau hefðu aðhafst næstliðin þrjú ár á þeim tímabilum, sem þau hefðu ekki búið saman.

Ákærði sagði henni frá tveim stúlkum, sem hann hefði verið með, en hún vissi áður um aðra þeirra. Virtist ákærða hún verða undrandi, en ekki reið.

A taldi upp tólf menn, sem hún kvaðst hafa haft samfarir við á þessum tíma, þar á meðal tvo svertingja á Keflavíkurflugvelli og Filippseying. Einnig hefðu hún átt kynmök við tvær konur, þær B og D.

Ákærði kvaðst hafa orðið mjög vondur, þegar hann heyrði þetta, og slegið A utan undir, hún gert slíkt hið sama og frekari átök síðan orðið með þeim. Hann hefði tekið hana hálstaki aftan frá og hert að. Hún greip þá flökunarhníf, sem notaður hefði verið til að skera upp baunadós kvöldið áður, en honum tekist að ná hnifnum af henni og kastað honum aftur fyrir sig. Síðan hefði hann tekið snæri, sem verið hefði utan um farangur hans, brugðið því um háls hennar, þar sem hún lá í gólfinu og upp á rúmdýn-

unni, og hert að aftan frá. Þegar hann linaði á takinu, eftir ör-stutta stund, að því er honum fannst, heyrðist soghljóð frá henni. Hann hefði reynt að þreifa eftir púls hennar, en ekki getað, vegna þess hve hann var skjálfhentur. Hann hefði verið mjög miður sín, sest í stól og beðið í 10—15 mínútur, en hún ekkert hreyft sig. Þreifaði hann þá eftir slagæð á hálsi hennar, en fann hana ekki og taldi hana því látna. Hugsanir hans hefðu allar verið á ringulreið, en þegar honum varð ljóst, hvað hann hafði gert, varð fyrsta hugsun hans að leita hreppstjórans og gefa sig fram.

Ákærði fullyrti, að það hefði aldrei verið í huga hans að deyða A, en hann hafi ætlað að hræða hana. Ástand hans verið slíkt, að hann hefði ekki getað gert sér grein fyrir því, sem hann hafðist að, enda verið viti sínu fjær af bræði vegna þess, sem hún hafði sagt honum um kynmök sín.

Lögð hefur verið fram í málinu skýrsla lögreglunnar á Keflavíkurflugvelli, þar sem meðal annars segir svo: „Sunnudaginn 4/12 1977 barst símleiðis beiðni frá herlögreglunni um aðstoð lögreglunnar í hermannablokk nr. 751 vegna íslenzkra stúlkna, sem þar væru að þvælast og herlögr. hafði þá rétt áður fengið kvörtun um. Á jarðhæð í blokk nr. 751 hittum við herlögreglumenn, sem höfðu þar tangarhald á tveimur íslenzkum stúlkum: D, . . . , Reykjavík, og A, . . . , Reykjavík, f. . . . 1960. Virtist sem stúlkurnar mundu vera undir áhrifum áfengis. Þær virtust vera nokkuð æstar og í hálfgerðu tuski við herlögreglumennina. Hvorug þeirra hafði leyfi til dvalar á svæðinu. Þær streittust við, og varð að hafa tak á þeim til þess að færa þær út í lögreglubifreiðina. Samkvæmt ákvörðun varðstjóra voru þær færðar í fanga-húsið kl. 0030.“

Einnig hefur verið lögð fram skýrsla Jóns Sigurjónssonar, varðstjóra í lögreglu Vestmannaeyja, þar sem meðal annars segir: „Úrdráttur úr dagbók lögreglunnar í Vestmannaeyjum. Hvítasunnudagur, 0.6.06.1976: Stúlka hendir sér í höfnina: Kl. 16.04 var hringt og tilkynnt, að stúlka hafi hent sér í höfnina, norðan við Fiskiðjuna. Varðstjóri Jón Sigurjónsson fór á staðinn ásamt lögreglum. nr. 10. Þá var stúlka þessi komin upp í fjöruna. Var hún holdvot og all mikið drukkin. Hún kvaðst heita A, fædd . . . 1960, lögheimili að . . . , Rvík., en dvalarstað að . . . , Vm. A var flutt á Sjúkrahúsið. Til viðbótar bókun þessari má geta þess, að á fyrrrgeindum stað, þ. e. norðan við Fiskiðjuna, eru grynningar í höfninni, og mun A hafa verið að skríða á þeim. Hún mun eftir á hafa haft orð á því, að hún væri ósátt við einhvern pilt og því

hafa ætlað að fyrirfara sér, en hafa hætt við það, sökum þess hversu vont bragð hafi verið af sjónum.“

A var krufin hinn 7. september 1978. Í krufningarskýrslunni segir meðal annars:

„Líkið er af 174 cm ungri konu, sem er í góðum holdum. Dauðastirðnun er ennþá til staðar í útlimum. Á hálsi er hængingarfar, sem nær alveg í kringum hálsinn, og er það 0.5 cm á breidd og er dýpst á 8 cm kafla hægra megin á hálsi aftur frá barkarkýli. Húð á hálsi ofan við hængingarfarið og andliti er með blárauðum blæ, og sjást ennfremur punktablæðingar í henni. Augun eru brostin. Sjáöldur eru jafnvíð, meðalvíð og hringlaga. Blæðingar eru í báðum augnhvítum. Utan við vinstra hné eru tveir húðaf-rifublettir (abrasionir), og mælist sá stærri 2x2 cm og sá minni 1.5x1.5 cm. Minni skrámur eru framan á hnéskel. Nokkuð djúp abrasio er framanvert við vinstra öklabein, og mælist hún 1x1 cm. Framan á hægri mjóalegg eru 3 litlir afrifublettir og mar-blettur á hægri hné. Á hægri framhandlegg eru 3 brúnir (gamli) litlir marblettir. Önnur áverkamerki sjást ekki á líkinu. Undir pleura visceral á báðum lungum sjást hér og þar punktablæðingar. Á gegnskurði sýnir lungnavefurinn blóðfyllu og nokkurn bjúg, en ekki aðrar sjúklegar breytingar. Í berkjugreinum eru dálítið af mucopurulent slími. Barki er eðlilegur. Barkarkýli eðlilegt. Við athugun á os hyoideum kemur í ljós, að báðir stóru armarnir á os hyoideum eru brotnir við corpus. Lifrarvefurinn er eðlilegur að sjá, bæði á yfirborði og í gegnskurði við skoðun með berum augum, en sýni var tekið til smásjárskoðunar og litað fyrir fitu, og sést þá, að í lifrarparenchym-frumum er fíngerð diffus fituiferð. Þvagblöðruslímhúð er með rauðbláleitum blæ (cystitis), og ennfremur er slímhúð í urethra rauðleit og purulent exudat er í urethra. Á leghálsi sést rúmlega 0.5 cm erozio við os externum. „Secret“ frá fornices vaginae var tekið í saltvatnsupplausn, stök frá því litað og smásjárskoðað. Auk flöguþekjufruma og bakteria (aðallega gram+stafir) fundust í því á víð og dreif sæðisfrumur og sæðisfrumuhausar. Í vagina er purulent slím. Samkvæmt réttarefnafræðilegu mati framkvæmdu í Rannsóknastofu í lyfjafræði var alkóhól ekki í mælanlegu magni í blóði né þvagi hinnar látnu.

Niðurstaða:

Við krufningu fundust einkenni þess, að dánarorsök konunnar hafi verið köfnun (asphyxia) af völdum kyrkingar (strangulation), og samrýmist farið á hálsinum, að trollgarn hafi verið notað

til þess að kyrkja konuna, eins og Rannsóknarlögregla ríkisins upplýsir.“

Ákærða var tekið blóðsýni klukkan 1515 hinn 5. september 1978, en ekkert alkóhól fannst í því.

Guðsteinn Þengilsson læknir skoðaði ákærða, og segir svo í vottorði hans, dagsettu 23. september sl.:

„Skv. beiðni vottast um Þórarin Einarsson, Gyðufelli 12, Rvk. f. 28/1 59, að hann hefur a. m. k. á 3 stöðum ör eftir eldri áverka.

1) Í v. þumalfingursgreip er ca 3ja cm langt ör, slétt og mjótt, þ. e. sárabarmarnir hafa fallið vel saman.

2) Á hægri framhandlegg eru tvö ca 5 cm löng ör breið og áberandi, hafa gróið verr. Samhliða þessum og einnig þvert á þau sjást daufari og nýrri ör. Segist hann hafa fengið þau af öðru tilefni, en alla hina áverkana hafi unnusta sín greitt sér með hnífi.

3) ca 3ja cm langt og allbreitt ör aftan á h. upphandlegg ca 10 cm ofan við olnboga.“

Dr. med Karl Strand yfirlæknir rannsakaði geðheilsu ákærða. Í ítarlegri álitserð hans segir meðal annars: „Móðir telur Þórarin Einarsson hafa verið rólegan á 1. og 2. ári. Myrkfælinn fram eftir aldri. Móðir telur, að hann hafi verið óvenju lystugt barn að borða, „alltaf svangur“. Athygli geðlæknis beinist að þessari miklu matarlyst, sem gæti verið uppbót barnsins á takmörkuðum blíðuatlotum. Móðirin minnst þess, að á 3. og 4. ári fór Þórarinn Einarsson að fá áköf reiðiköst, fleygði sér í gólfið, orgaði og lét illa sansast. Virðast þessi reiðiköst fljótt hafa orðið móðurinni ofurefli og vakið andúð hennar á drengnum, sem hún hefur óafvitandi dulið fyrir sjálfri sér... Um heimilislíf Þórarins Einarssonar með móður hans er naumast hægt að tala, þar sem samvistir þeirra hafa verið margslitnar... Um þetta leyti (þ. e. 1969—1970) mun Auður, móðir Þórarins Einarssonar, hafa kynnt öðru mannsefni sínu... Bæði Auði, Þóarni Einarssyni og öðrum heimildum ber saman um, að þetta hjónaband hafi verið í alla staði misheppnað. Eiginmaðurinn drakk, eyddi kaup sínu í ráðleysi. Konan neytti einnig áfengis. Rífrildi og barsmíðar áttu sér oft stað milli hjónanna. Þóarni Einarssyni féll illa við stjúpa sinn, segir hann hafa barið sig og verið öllum börnum slæmur... Í seinna skiptið, er hann strauk (frá barnaheimilinu í Reykjahlið), dvaldi hann 3 daga hjá móður sinni... Þá stóð brúðkaup móður hans fyrir dyrum, brúðguminn þá nýhorfinn að heiman af óskýrðum ástæðum, en móðirin komin að falli. Þórarinn Einarsson

var mjög þungur í skapi eftir þessa dvöl heima, talaði um sjálfsvíg (suicidum) og gerði sig líklegan til að drekka „lysól“ samkvæmt skýrslu heimilisins. Auðsætt er, að hagur og ástand móður innar ásamt tilfinningalegu undanhaldi hennar hefur lagzt mjög þungt á piltinn um þetta leyti, en móðurþörf hans hinsvegar mikil. . . . Geðlæknir telur, að fram þurfi að koma sem gleggst, hversu tilfinningaleg og félagsleg aðbúð pilsins, allt frá frum-bernsku, hefur verið með eindæmum óheppileg og staðið persónuleikabroska hans mjög fyrir þrifum. Þórarinn Einarsson kveðst aðeins lítilsháttar hafa átt mök við stúlkur, áður en hann hitti A. Hinsvegar hafi hann þegar orðið hrifinn af henni nær því við fyrstu sýn, og bersýnilegt er af ummælum hans um stúlkuna, að hann hefur elskað hana af mikilli einlægni og trúað því, að hún elskaði sig þrátt fyrir allt, sem milli bar. Þau byrjuðu mjög fljótt að hafa kynmök, sem tókust vel. Hinsvegar virðast þau hafa átt fátt sameiginlegt nema kynmök, drykkju og dansskemmtanir. Þórarinn Einarsson var mjög afbrýðisamur, enda gaf A fljótt til-efni til þess. . . Augljóst er, að hvorugt þessara ungmenna kunni að stjórna skapi sínu, bæði virðast hafa verið óörugg, fljót til reiði og handalögmála, hvort sem þau voru ódrukkin eða ölvuð. . . Af lýsingum Þórarins Einarssonar verður að álykta, að þau hafi bæði orðið hamslaus af reiði í þessum snerrum. . . Í öllum viðtölum við geðlækni var Þórarinn Einarsson undir góðri sjálfstjórn, sýndi eðlileg geðhrif, var raunhæfur í tali og virtist gera sér far um að segja satt og rétt frá því, sem um var spurt. Frásögn hans um atburðina á Flateyri komu að fullu heim við ofanefnda lögregluskýrslu um þetta efni. Hann gerir sér fulla grein fyrir, hvað er rétt og rangt, og sýnir eðlileg merki iðrunar og hryggðar, þegar rætt er um afdrif stúlkunnar A. . . Ekki er á færi geðlæknis að dæma um, hvað Þórarni Einarssyni bjó í huga, en heildarfrásögn hans af atburðum þessum virðist í góðu samræmi, sem bendir til þess, að Þórarinn Einarsson skýri frá öllum atburðum eftir beztu samvizku. Ef athugaðar eru lýsingar Þórarins Einarsson á fyrri rimmum hjónaleysanna, virðist geðlækni, að oft hafi mjóu munað, að enginn stórslys urðu á hvorum aðilanum sem var. Að endingu tjáir Þórarinn Einarsson geðlækni, að ást sín til A sé söm og fyrr og segir í fyllstu alvöru, að hann vonist eftir að hitta hana í öðru lífi. . . Í ætt hans (þ. e. ákærðs) hefir aðeins fundizt ein persóna, sem er geðveik, og önnur, sem jaðrar við slíkt. Skapofsi er talinn talsverður í föðurætt, og báðir for-eldrar hafa neytt áfengis í óhófi. Sjálfur hefur hann neytt áfengis

í óhófi síðan um fermingaraldur. Hann gerir sér grein fyrir hættu þessa ávana. Hann er dapur, en ekki nein merki geðlægðar (depressio mentis) né geðhæðar (manía)... Að dómi geðlæknis er pilturinn Þórarinn Einarsson því ekki haldinn neinum þeim geðsúkdómi, sem mælir móti sakhæfi hans.“

Lokaorð álitsgerðar dr. med. Karls Strand eru svofelld: „Pilturinn Þórarinn Einarsson hefur frá allra fyrstu æviárum verið á stöðugum flækingi milli staða og stofnana. Naumast getur talizt, að hann hafi nokkurntímann átt til lengri tíma þá aðbúð, er sæmleg heimili veita. Ást hans til móður virðist ekki hafa verið eðlilega endurgoldin, svo tilfinningaleg afstaða hans til hennar er mjög tvískauta. Hann missir föður sinn þriggja ára gamall, eignast tvo stjúpa, en hvorugur gengur honum í föður stað. Fær aldrei vasapeninga til að þroska fjármunavit sitt. Hann eignast ekki vini í skóla, enda alltaf í andófi og vörn gagnvart einstaklingum og stofnunum, óöruggur og þjáður minnimáttarkennd. Hann reynir að stækka sig með því að fá yngri skólafélaga með sér til óknytta. Hóflegur agi með góðvild ber hinsvegar árangur, er hann dvelur í seinna sinn á barnaheimilinu Reykjahlíð. Þegar hann leitar kunningja í Reykjavík, lendir hann í afbrotafélagskap, en reynir að taka sig á og tekst það að nokkru, er hann íhugar, hvert afbrotaferill hans stefnir. Hann festir ást á stúlku, sem á ýmsan hátt virðist hafa átt við örðugleika að stríða sjálf og hafa haft svipaða skapgerð. Þau áttu, að því er séð verður, fátt sameiginlegt nema kynmök, drykkju og skemmtanir. Auðsætt er, að þörf Þórarins Einarssonar fyrir ástvin er svo brýn, að þetta samband verður honum mjög mikils virði þrátt fyrir ósamrímanlegar skaphafnir, rifrildi og handalögmál á báða bóga, ásamt ótrúskap. Athafnaferill þessara tveggja ungmenna hlaut að leiða til slyss fyrr eða síðar, ef áfram var haldið á sömu braut.

Geðlæknir er þeirrar skoðunar, að samband Þ. E. og A hafi haft veruleg áhrif á starfshætti Þ. E. síðustu árin og óstöðugleiki hans sé tengdur ytri áhrifum fremur en hér sé geðvillueinkenni til staðar. Með tilliti til gáfnafars Þ. E. og þeirrar ábyrgðartilfinningar, er geðlæknir telur sig hafa fundið hjá piltinum, getur hann ekki látið hjá líða að benda á möguleika þessa pilts til frekara náms og hátternislegrar endurhæfingar undir skilningsríkri handleiðslu og í persónutengslum við hvetjandi uppálendur, sem gætu að einhverju leyti bætt piltinum upp þau foreldratengsl, er hann hefur farið á mis við.“

Lögð hefur verið fram í málinu skýrsla Kristins Björnssonar

sálfræðings, sem einnig rannsakaði persónulega hagi ákærða. Í henni segir meðal annars:

„*Greindarpróf Wechslers fyrir fullorðna*: Greindarvísitala munnlega hlutans reyndist 108, verklega hlutans 123 og prófsins alls 115. Þættir verklega hlutans eru næstum jafnir, en þeir munnlegir þættir, sem krefjast þekkingar eða vitneskju um almennt málefni, eru lakastir leystir, gæti það verið afleiðing lítillar skólagöngu og fræðslu. Enga vanhæfni eða ágalla er annars að sjá á greindarþáttum.

Hæfileikar eru því vel ofan meðallags og ættu að mynda góðan grundvöll fyrir nám. Þórarinn hefur sérstaklega gott formskyn og verklag, hann man líka vel og skilur. Iðnnám, eða annað ámóta þungt nám, ætti því að vera vel viðráðanlegt og henta honum vel.

MMPI. Línurit eru að heita má innan eðlilegra marka. F-þáttur sýnir samræmi í svörum og góðan skilning á verkefni. K og L-þættir sýna ekki viðleitni til að blekkja. Hár D-þáttur sýnir bøl-sýni eða depurð ofan eðlilegra marka, þó er MA-þáttur ekki lækkaður að sama skapi og því varla um djúpt þunglyndi að ræða, en frekar andsvar við aðstæðum, sem telja má eðlilegt eins og á stendur.“

II.

Miðvikudaginn 14. mars 1979 kom Skúli Ævar Steinsson, forstöðumaður hegningarhússins í Reykjavík, á skrifstofu rannsóknar-lögreglu ríkisins og kærði yfir því, að tveim dögum áður hefði ákærði veist að sér með líkamlegu ofbeldi og veitt sér áverka.

Nánar skýrði vitnið Skúli Ævar svo frá atvikum málsins, að um áramótin 1978—1979 hefði ákærði komið sem gæslufangi í hegningarhúsið og í fyrstu verið rólegur og þrúður og í öllu fylgt reglum fangelsisins. Um mánaðamótin janúar-febrúar 1979 hefði farið að bera á óróa hjá ákærða og hann kvartað um, að maturinn væri slæmur og ekki nægur svo og að lyf, sem hann fengi, væru ekki rétt afgreidd. Vitnið kvaðst hafa reynt að verða honum til hæfis, en bent honum á, að hann fengi nákvæmlega þau lyf, sem fangelsislæknirinn ákvarðaði.

Vitninu fannst ákærði vera orðinn eitthvað öðruvísi en honum var eiginlegt og því sett sig í samband við Guðmund S. Jónsson fangelsislækni laugardaginn 10. mars og hefði læknirinn þá ákveðið, að lyfjagjöf ákærða skyldi breytt.

Að morgni næsta mánudags, þegar ákærði átti að fá lyf sín, hefði hann verið með hávaða og svívirðingar í garð vitnisins, sak-

að það um ofsóknir á hendur sér og það væri að svipta sig lyfjum, sem hann samkvæmt læknisráði ætti að nota. Vitnið á málgaði, að lyfjagjafir væru að fyrirmælum lækni og það væri orðið leitt á sífelldum kvörtunum ákærða og gæti hann ekki af þeim látið, yrði hann fluttur í lokaða gæslu í Síðumúlafangelsið.

Frekari orðaskipti urðu með þeim, en því næst kvaðst vitnið hafa farið inn á ganginn til ákærða, skipað honum inn í klefa sinn í einangrun og ætlað að leggja vinstri hönd á öxl hans. Ákærði hefði þá sagt, að legði vitnið hendur á sig, mundi hann slá það, og að því mæltu slegið vitnið mikið hnefahögg, sem hafnað hefði á og aftan við vinstra eyra, þannig að vitnið skall í vegginn.

Vitnið staðhæfði, að það hefði ekki snert við ákærða, áður en það fékk höggið, en á eftir hefði það slegið ákærða þungt högg, sem lenti neðarlega á bringu hans, hann við það fallið í fang vitnisins, sem náði á honum hálstaki og var að handjárna hann, þegar því barst aðstoð. Frekari átök urðu með þeim, og hótaði ákærði, að hann mundi síðar beita vitnið líkamlegu ofbeldi.

Eftir að skiptum þeirra ákærða og vitnisins lauk, kvaðst vitnið hafa haft samband við Guðmund S. Jónsson fangelsislækni, sem mælt hefði svo fyrir, að öll lyf skyldu tekin af ákærða.

Vitnið kom fyrir dóm hinn 21. júní síðastliðinn. Kvaðst það þá ekki að fullu hafa náð sér eftir árásina, sem lýsti sér í því, að það hefði ekki fengið fulla sjón á vinstra auga.

Á dómpingi sagði vitnið alrangt, að það hefði að eigin frumkvæði og án samráðs við lækni breytt lyfjagjöf ákærða, slíkt ætti sér aldrei stað. Hins vegar kæmi fyrir, að yfirmenn fangelsisins stöðvuðu til bráðabirgða lyfjagjafir til fanga, fyndist þeim fangarnir eitthvað óeðlilegir, en þá væri án undandrátta haf samband við lækni. Vitnið mundi ekki, hvort um slíkt hefði verið að ræða að því er ákærða varðaði.

Vitnið Guðrún Jóna Sigurjónsdóttir fangavörður, Álfhólsvegi 92, Kópavogi, kvað orðaskak hafa orðið milli þeirra ákærða og vitnisins Skúla Ævars vegna lyfja þeirra, sem ákærða voru ákvörðuð. Hefði Skúli Ævar slegið í hurðarlúgu á milli varðstofu og gangs orðum sínum til áréttingar, en síðan snarast inn á ganginn og átök orðið með þeim ákærða, sem vitnið fremur heyrði en sá og gat því ekki lýst nánar. Síðar hefði ákærði verið með einhverjar hótanir í garð Skúla Ævars.

Vitnið Haukur Níelsson fangavörður, Helgafelli, Mosfellssveit, kvaðst óljóst hafa heyrt orðadeilur með þeim ákærða og Skúla

Ævari vegna lyfjatöku hins fyrrnefnda. Vitnið sá ekki átökin á milli þeirra og gat því ekkert um þau borið, en eftir átökin hefði ákærði verið með hótanir um líkamlegt ofbeldi í garð Skúla Ævars.

Skýrslur voru teknar af þrem föngum, sem sátu í hegningarhúsinu greint sinn, en þeir gátu ekkert um atvik málsins borið.

Vitnið Guðsteinn Þengilsson læknir, Álfhólsvegi 95, Kópavogi, kvað þá Guðmund S. Jónsson báða hafa verið lækna hegningarhússins við Skólavörðustíg á umræddum tíma.

Vitnið sýndi í dóminum bók, þar sem skráðar eru lyfjagjafir þær, sem þeir lækarnir fyrirskipuðu föngunum. Samkvæmt færslu í bók þessari voru ákærða ákvörðuð ýmis lyf hinn 7. mars 1979 og því ekki breytt, áður en nefnt tilvik átti sér stað. Vitnið tók fram, að iðulega kæmi fyrir, að fangaverðir hringdu í lækna, og þeir breyttu þá áður ákvarðaðri lyfjatöku, án þess að slíks væri getið í nefndri bók.

Guðmundur Sveinbjörn Jónsson læknir, Viðjugerði 6, Reykjavík, kvað hafa verið hringt frá hegningarhúsinu og því sagt, að ákærði væri með þras og kvartanir vegna lyfjatöku sinnar, og vitnið þá svarað, að hann skyldi tekin af öllum lyfjum. Vitnið taldi, að þetta hefði verið rétt áður en atburður sá átti sér stað, sem ákært er fyrir í þessum þætti málsins. Vitnið hefði ekkert um átökin vitað og það hafi alls ekki breytt lyfjagjöf sinni í tengslum við þau.

Vitninu var kynntur framburður Skúla Ævars Steinssonar um simtal það, sem hann kvaðst hafa átt við vitnið laugardaginn 10. mars síðastliðinn. Vitnið minntist ekki samtals þessa.

Ákærði skýrði frá því, að hann hefði orðið ánægður með þær breytingar, sem urðu á högum hans, þegar hann var fluttur úr Síðumúlafangelsi, þar sem hann var í algerri innilokun, og í hegningarhúsið, þar sem hann fékk að koma út í garðinn og fara fram á gangana. Hann hefði fengið matarsendingar frá skyldfólki sínu, þar sem honum fannst hann ekki fá nægilegan mat í fangelsinu. Tekið var fyrir sendingar þessar, og kvaðst ákærði hafa kvartað undan því við forstöðumanninn, en hann svarað, að ákærði yrði að sætta sig við breyttar reglur. Af þessum sökum hefði sótt á harn leiðindi og svefnleysi og hann því beðið fangelsislækninn um einhver lyf, en áður hefði hann engra lyfja notið. Hann fékk lyf, sem róðu hann og veittu sæmilegan svefn.

Ákærði taldi, að Skúli Ævar Steinsson, forstöðumaður hegningarhússins, hefði næstu daga, áður en atburðurinn átti sér stað,

af eigin hvötur og án samráðs við lækni breytt lyfjagjöf þeirri, sem hann hafði notið. Ákærði var ekki ásáttur við þá breytingu, enda olli hún honum svefnleysi, og bar hann af þeim sökum fram kvartanir við Skúla Ævar greindan mánudagsmorgun. Hann hefði reiðst kvörtununum, þrifið í axlir ákærða, hrint honum til og sagt honum að fara inn í klefa. Ákærði játaði, að hann hefði þá slegið Skúla Ævar högg í höfuðið, svo sem hann væri sakaður um í ákæru. Eftir það hefði Skúli Ævar rokið á hann og tekið hann „fantatökum“. Ákærði var síðan færður í klefa, kvaðst þar hafa látið sér mjög ljót orð um munn fara, og vildi hann ekki efast um, að hann hefði hótad Skúla Ævari misþyrmingum. Í klefanum hefði hann setið fjóra sólarhringa í hand- og fótjárnnum.

Reynt var að samprófa þá ákærða og vitnið Skúla Ævar um upphaf átakanna. Vitnið Skúli Ævar kvaðst hafa lagt hönd á öxl ákærða, ætlað að færa hann í klefann, en hvorki hrint né stjakað við ákærða. Ákærði fullyrti hið gagnstæða, og héldu báðir aðiljar fast við framburði sína.

Lagt hefur verið fram í málinu svohljóðandi vottorð Guðsteins Þengilssonar læknis, sem dagsett er hinn 13. mars 1979:

„Skúli Steinsson, Engjaseli 35, Rvk., f. 7/12 '41. Varð fyrir árás fanga, sem missti stjórn á sjálfum sér. Það gerðist 12/3 kl. 10.26 að sögn.

Skúli hlaut högg á og aftan við vinstra eyra og ruglaðist mjög við það, svo að nær lá, að hann ryki útaf.

Í dag, 13/3, er hann mjög aumur á öllum vinstri helmingi andlitsins, og er enn suð eða hljómur fyrir eyranu. Hálsvöðvar eru allir aumur h. megin, líkt og eftir tognun, og eru allar höfuðhreyfingar passívar og afar aumar og sársaukafullar. Allskýrt mar og ca 7 sm löng rispa er aftan á v. upphandlegg.

Þá er hann marinn og verulega bólginn á báðum úlnliðum. Höfuðverkur og flökurleiki fram á kvöld þ. 12/3, og nú kvartar hann um sviða í augum og að hann þoli illa birtu. Hér mun hafa verið um vægan heilahristing að ræða.“

Einnig hefur verið lagt fram vottorð sama læknis, dagsett hinn 28. júní 1979, svohljóðandi:

„Um Skúla Steinsson, Hraunbæ 24, Reykjavík, forstöðumann Hegningarhússins við Skólavörðustíg, skal þetta tekið fram varðandi áverka þá, er hann hlaut, þegar hann varð fyrir árás fanga á síðastliðnum vetri:

Nýleg eða endanleg skoðun á Skúla hefur enn ekki farið fram, þar eð hann er í fríu og ekki til hans náðst.

Nokkru eftir að Skúli varð fyrir árásinni, fór hann að kvarta um sjóndepru á vinstra auga og verk. Einnig að honum fyndist eitthvað vanta í sjónsviðið. Var hann því til skoðunar og eftirlits hjá Friðbert Jónassyni, augnlækni, Digranesvegi 10, Kópavogi. Mun hann hafa séð einhver missmið á vinstra augnbotni, en ekki hefur reynst mögulegt að skera úr um það, hvort þau séu afleiðingar af áverka, sem Skúli hafi fengið í áðurnefndri viðureign við fangann, eða þau eru af eldri uppruna. Verður enn að líða nokkur tími, áður en hægt verður að skera úr um það.“

III.

Með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins, sem rakin hafa verið hér að framan, er lögfull sönnun fram komin fyrir því, að hann hafi að morgni þriðjudagsins 5. september 1978 orðið A að bana með því að reyna snæri um háls hennar, þannig að hún kafnaði af völdum kyrkingar.

Að sögn ákærða höfðu þau verið í sambúð frá því í september 1975 og þar til í lok júnímánaðar 1978, þó ekki samfelld, samskipti þeirra verið rýsjótt og þau haft í frammi hótanir og líkamsmeiðingar gagnvart hvort öðru. Hann hefði komið á fund hennar til að reyna sættir, hún dvalið næturlangt í herbergi hans af fúsum og frjálsum vilja, friður ríkt og þau haft mök saman. Um morguninn hefði stúlkan fallist á að taka upp samvistir við hann að nýju, en í því sambandi látið orð falla um fyrri kynmök sín við aðra menn og konur, sem öllu því, að hann missti gersamlega stjórn á skapi sínu. Átök hefðu orðið, hún tekið flökunarhníf, hann náð honum af henni og kastað á brott, en viðureign þeirra lokið með því, að hann, viti sínu fjær af bræði, hefði brugðið snæri um háls henni og hert að.

Við úrlausn málsins verður að byggja á þessum framburði ákærða, sem í ýmsu fær stoð í vættum vitna sem og læknisfræðilegum og tæknilegum gögnum málsins.

Verður þannig ekki talið sannað, að ákærði hafi fyrirfram tekið ákvörðun um að svipta A lífi. Hins vegar gat hann ekki gengið þess dulinn, að atлага hans var þess eðlis, að hún gæti mjög sennilega leitt til líftjóns. Varðar háttsemi hans því við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði sagði af sjálfsdáðum til brots síns og hefur skýrt hrein skilningslega frá atvikum þess. Svo sem að framan er lýst, verður að telja, að hann hafi framið það í ákafri geðshræringu. Eru því skilyrði 9. tl. 74. gr. og 75. gr. hegningarlaga fyrir hendi. Við

brot á refsinaemi verknaðar ákærða þykir rétt að hafa hliðsjón af ákvæðum þessum, enda þótt refsing hans verði ekki færð niður úr lágmarki því, sem ákvarðað er í 211. gr. sömu laga.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi hinn 12. mars 1979 slegið og síðar hótað Skúla Ævari Steinssyni yfirfangaverði ofbeldi, þar sem hann var við skyldustörf í hegningarhúsinu við Skólavörðustíg hér í borg. Varðar þetta brot ákærða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakaskrá ríkisins hefur ákærði orðið uppvís að broti gegn 244. gr. hegningarlaga, en ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 6. apríl 1977 að telja. Í málinu hafa ekki komið fram kröfur vegna tilviks þessa.

Refsing ákærða verður með vísan til 77. gr. hegningarlaga ákveðin fangelsi 7 ár.

Samkvæmt 76. gr. sömu laga þykir rétt, að gæsluvarðhaldsvist hans komi refsingunni til frádráttar, en hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald hinn 6. september sl. og hefur setið í því síðan.

Samkvæmt 141. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála ber að dæma ákærða til þess að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin réttargæslu- og málsvarnarlaun Arnmundar Backman héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda síns, kr. 500.000, og saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 300.000, en málið flutti af hálfu ákæruvalds Jónatan Sveinsson saksóknari.

Dómsorð:

Ákærði, Þórarinn Einarsson, sæti fangelsi 7 ár. Gæsluvarðhaldsvist hans frá 6. september 1978 komi refsingu til frádráttar.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talinn saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 300.000, og réttargæslu- og málsvarnarlaun Arnmundar Backman héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda síns, kr. 500.000.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.